

Innsend erindi íbúa sem formaður íbúaráðs Laugardals fór fram á að leita svara við:

Erindi er varðar mengun við Sundahöfn Margir íbúar Kleppsholtsins finna fyrir mjög aukinni starfsemi Sundahafnar. Flesta daga og nætur berst mikill hávaði frá höfninni. Það fer líklega eftir vindátt. Hefur eitthvað verið fjallað um þetta? Hafa verið gerðar mengunarmælingar t.d. þegar stór skip eru í höfn? Hávaðamælingar í íbúðahverfunum í kring?

Svar frá umhverfis- og skipulagssviði dags. 4.12.2019 Tilvísun í mál: 2019100100

Góðan daginn.

Heilbrigðiseftirlitið Reykjavíkur hafa að undanfögnu borist kvartanir vegna hávaða og ónæðis frá starfsemi við Sundahöfn. Að sögn kvartanda hefur ónæðið jafnvel staðið frá á nótt í stöku tilfellum. Heilbrigðiseftirlitið hefur upplýst Eimskip um kvartanirnar og bent fyrirtækinu á að virða ákvæði hávaðareglugerðar. Ekki hafa verið framkvæmdar hávaðamælingar en það kemur vissulega til greina. Þess ber þó að gæta að vissir annmarkar geta verið á því að greina uppruna hljóðs í umhverfi við hljóðmælingar og því nokkur óvissa hvort mælingar skili skýrri niðurstöðu.

Erindi er varðar umferðaröryggismál við Hrístateig Ég bý á Hrístateig fyrir neðan

Sundlaugarveg. Það er breið gata miðað við litla umferð og minnir helst á fáfarnar götur í litlum sjávarþorpum, þar sem er kannski algengara að sjá gangstéttarlausar götur, heldur en svona miðsvæðis í borg. Nema hvað að þarna fara bílar stundum ógætilega hratt og grunar mig að þetta séu bílar sem leggja leið sína í þennan ágæta litla verslunarklasa sem við búum svo vel við, fyrir enda götunnar.

Það er ofar mínum skilningi að á þessari götu sem er fjölfarin af gangandi vegfarendum sé einungis gangstétt öðrum megin við götuna. Það er mjög óþjálmt að þurfa að fara yfir götuna til að ganga 20-70 metra og svo aftur yfir hana til að komast í endurvinnsluna eða búð.

Sérstaklega þar sem ekki er ein einasta gangbraut yfir. Sérlega hættulegt svæði er hornið þar sem Otrateigur og Hrístateigur mætast, en þarna leggja ung börn leið sína að leikvellingum sem liggur milli raðhúsanna, oft ein á ferð.

Væri hægt að beita sér fyrir því að leggja þarna gangstétt og mála hvítar rendur yfir götuna? Að mínu mati gæti hæglega verið tvístefna í götunni þrátt fyrir að gangstéttin myndi þrengja aðeins að henni. Eins má geta að það þarf ekki bílastæði meðfram allri götunni báðum megin þar sem innkeyrslur eru við nánast hvert hús, heldur gætu verið máluð bílastæði sitt áhvað eða bara öðrum megin.

Erindi er varðar umferðaröryggismál og Hverfið mitt

Til Íbúaráðs Laugardals:

Ég undirrituð legg hér með til og bið um að Íbúaráð Laugardals leggi fram formleg andmæli til þess sviðs Reykjavíkurborgar sem málið varðar við því að umferðaröryggismál í hverfinu séu sett í vinsældakosningu á sama hátt og fegrunaraðgerðir, lagfæringar eða viðbætur við leiksvæði og önnur verkefni sem eru verðug og veigamikil, en lúta að smekk og áhugamálum íbúa fremur en öryggi þeirra.

Ákvarðanir um umferðarmannvirki og umferðaröryggi á að taka á faglegum forsendum með hliðsjón af öryggi notenda, þá sérstaklega barna, og „vinsældir“ slíkra framkvæmda eiga ekki að hafa þar neitt vægi. Það er því í skársta falli kjánalegt og í versta falli vítavert ábyrgðarleysi að biðja íbúa með mismunandi þarfir, aðstæður og forgangs röðun að koma að þeirri ákvarðanatöku, eins og það hvort börnin okkar komast örugg yfir götu á leið sinni til skóla sé á einhvern hátt sambærilegt við það hvort það á að setja upp nýtt upplýsingaskilti við sundlaugina.

Um leið óska ég eftir því að Íbúaráðið taki afstöðu til brynna umferðiröryggismála, kynni þá afstöðu bæði íbúum í hverfinu og þeim sviðum Reykjavíkurborgar sem málið varðar og knýi á um þær úrbætur í umferðarmálum sem ráðið telur brýnastar.

Svohljóðandi svar barst frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 6.12.19

Verkefnið Hverfið mitt eins og það er skilgreint í dag býður upp á að hægt sé að forgangsraða viðhaldi ásamt því að leggja til ný-framkvæmdir.

Á hverju ári koma gríðarlega margar hugmyndir inn er varða umferðaröryggi og hafa þær verið teknar inn, þar sem enginn annar „kanall“ býður upp á þennan möguleika þ.e forgangsraða umferðarframkvæmd í hverfunum. Með því að hafa þetta í boði er komin hröð leið fyrir íbúana til þess að bæta hverfin sín. Auðvitað væri frábært ef það væri hægt að framkvæma allar umferðaröryggishugmyndir um leið og þær berast en það er ekki svo. Borgin vinnur eftir ákveðinni forgagnsáætlun og það getur tekið langa bið að fá t.d gangbraut inn í hverfi þegar eftir á að laga/breyta stærri gatnaöryggismálum.

Verkefnið snýst um það að færa vald til íbúa. Þeir forgagnsraði því sem þau vilja láta gera í sínum hverfum.

Verkefnið er ekki bara „vinsældakosning“ eins og íbúi orðar það heldur eru þetta ábendingar sem eru teknar saman að loknum kosningum og hugmyndasöfnun og þeirra komið til viðeigandi sviða. Þannig fá viðeigandi svið hugmyndirnar sem ekki sigra kosningu til sín í formi ábendingar.

Varðandi: „*Ákvarðanir um umferðarmannvirki og umferðaröryggi á að taka á faglegum forsendum með hliðsjón af öryggi notenda, þá sérstaklega barna, og „vinsældir“ slíkra framkvæmda eiga ekki að hafa þar neitt vægi. Það er því í skársta falli kjánalegt og í versta falli vítavert ábyrgðarleysi að biðja íbúa með mismunandi þarfir, aðstæður og forgangsröðun að koma að þeirri ákvarðanatöku, eins og það hvort börnin okkar komast örugg yfir götu á leið sinni til skóla sé á einhvern hátt sambærilegt við það hvort það á að setja upp nýtt upplýsingaskilti við sundlaugina.*“

Hver einasta hugmynd sem kemur í þetta verkefni (árið 2019 voru þær 1054) eru faglega rýndar í yfirferðafasa eftir hugmyndasöfnun. Hvort sem það séu umferðaröryggishugmyndir eða fegrunaraðgerðir í hverfunum. Í yfirferðarfasa kemur í ljós hvort hugmyndirnar séu framkvæmanlegar fyrir það fjármagn sem hverfið hefur til umráða. Fundina sitja m.a hjólastígssérfræðingar, gangbrautasérfræðingar og samgöngumálasérfræðingar. Í langflestum tilfellum er um forgangsröðun að ræða þegar kemur að umferðaröryggismálum. Verkefni sem langt er í að verði tekin fyrir jafnvel ekki komin á dagskrá neinstaðar en eru metnar á þann veg að myndu bæta hverfið og öryggi þá komast þær í kosningarnar og þar er það komið í vald íbúa að velja hvaða verkefni þau vilji láta framkvæma í sínum hverfum.

Hinsvegar skilaði starfshópur um endurskipulagningu lýðræðisverkefna inn skýrslu sl. fimmtudag þar sem lagðar eru til ýmsar breytingar á verkefninu, það er án efa von á breytingum er varða þetta verkefni.

Erindi er varðar gatnamót á Sæbraut Sá póst á Laugarneshverfasíðunni um Íbúaráðið. Var frábært að sjá það í dag þar sem ég var einmitt að athuga hvert maður ætti að leita í þessum efnum.

Ég er íbúi á Rauðalæk og ég er skíthrædd við gatnamótin á Sæbraut milli Dalbrautar og Sundagarða. Það vantar sárlega beygjuljós til vinstri frá Dalbraut inn á Sæbraut og frá Sundagörðum inn á Sæbraut.

Það eru tvær beygjuakreinar frá Sundagörðum og það eru alltaf vörubílar að beygja svo maður á erfitt með að sjá. Ég hef oft orðið vitni að því sem hefði næstum því getað orðið harður árekstur. Er ekki betra að kippa þessu í liðinn áður en það gerist?

Það er nú þegar hægri beygjuljós frá Sæbraut inn á Dalbraut en það væri miklu eðlilegra að hafa beygjuljós út á Sæbraut.

Erindi formanns íbúaráðs Laugardals varðandi grenndarstöð Kynna stöðuna hvað varðar grenndarstöð sem var á lóð KFUM og K í Langholtshverfi þar til í sumar. Þ.e. hvort ný grenndarstöð sé á leiðinni?

Eftirfarandi svar bars frá umhverfis- og skipulagssviði dags. 9.11.2019

Eins og lýst hefur verið var það ákvörðun lóðarhafans við Holtaveg að leyfa ekki áframhaldandi staðsetningu stöðvarinnar við Holtaveg. Áfram er þjónusta í hverfinu en stöðvar eru við Gnoðarvog, Bónus í Skútuvogi, Endurvinnsluna í Knarrarvogi og við Holtagarða.

Málið er í vinnslu. Ég hef rætt við nokkra lóðarhafa, flestir hafa tekið neikvætt í beiðni um grenndarstöð. Einn tók jákvætt í að skoða það en við unnum þá hugmynd ekki lengra á þeim tímapunkti. Afar lítið borgarland er til staðar í hverfinu og því höfum við verið að að kanna möguleika á að taka nokkur bílastæði við norðanverðan Langholtsveg undir stöð. Ekki hefur verið um formlegt ferli að ræða, þannig að afstaða t.d. skipulags liggur ekki fyrir. Um var að ræða lengjuna milli Skeiðarvogs og Dreka­vogs, en til greina kemur að færa það.

Áhugavert væri að vita hug íbúaráðsins til slíkra áforma.

Eins hvort íbúaráðið hafi ábendingu um heppilega staðsetningu. Almenna reglan varðandi grenndarstöðvar er að þær þurfa að vera staðsettar á borgarlandi, vera aðgengilegar fyrir losunarbíl og íbúa (gangandi/ akandi) auk þess að vera miðsvæðis milli þeirra stöðva sem fyrir eru.

Góðar ábendingar frá notendum aðstoða okkur við okkar starf.

Erindi frá íbúa/atvinnurekanda í hverfinu.

Eins og minntist á þá væri mjög vel þegið ef hægt er að endurskoða forgang Laugalækjar og hækka upp í þjónustuflokk 2. Núna er gatan í lögsta forgangi skv Borgarvefsjá.

Um er að ræða aðalgötu / verslunargötu og hverfiskjarna skv. aðalskipulagi ásamt því að gatan er tenging á milli Sæbrautar /Laugarnesskóla / Laugardalslaugar.

Það koma stundum dagar á veturna þar sem færð hefur verið erfið og við þurft að ýta mikið á eftir því að fá mokstur. Eitt sinn var okkur sagt að þetta væri ekkert mál ef við værum í gamla miðbænum :)